LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Sleipnir

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórnvöld, sveitarfélög, Vegagerð og aðra þá sem koma að skipulagi og uppbyggingu samgöngu-mannvirkja og að setja öryggi hestamanna í forgang og tyggja að útreiðaleiðir séu hluti af heildstæðri samgöngu- og skipulagsáætlunum framtíðarinnar.

Greinargerð:

Ört vaxandi umferð og aukið álag á vegum landsins skapar sífellt meiri hættu fyrir hestamenn sem þurfa margir hverjir að þvera fjöl farna vegi til að komast á milli útreiðasvæða. Það er mikilvægt að við bregðumst við þessari þróun með markvissum hætti og tryggja að reiðleiðir séu ekki leiddar saman við vaxandi umferð nema tryggt sé að fullnægjandi öryggislausnir séu til staðar. Leggja þarf áherslu á mikilvægi þess að unnið verði áfram að því að færa reiðleiðir frá fjöl förnum vegum og að komi verði á undirgöngum þar sem ekki verður komist hjá því að þvera þurfi stofn- eða þjóðvegi.

Það á ekki að vera ásættanlegt árið 2026 að hestamenn þurfi að tefla öryggi sínu, hesta og annarra vegfarenda í tvísýnu til að komast á öruggar og verðmætar útreiðaleiðir. Þessar aðstæður eru til dæmis til staðar við þjóðveg 1 austan við Selfoss þar sem framkvæmdir við nýja Ölfusárbrú eru vel á veg komnar en undirgöng undir þjóðveginn eiga að bíða þar til í næsta áfanga sem engin veit hvenær verður af. Hestamannafélagið Sleipnir ásamt Flóahrepppi og Árborg eru að vekja athygli á þessu og setja þrýsting á stjórnvöld að bregðast við í tengslum við áðurnefnda framkvæmd.

Aðstæður sem þessar eru að skapast víðar á landinu og því er mikilvægt að þingið skori á stjórnvöld, sveitarfélög og Vegagerðina að tryggja að útreiðarleiðir séu eðlilegur hluti af framkvæmdum sem hafa áhrif á öryggi hestamanna á þjóðvegum landsins.